

Jákvætt svar frá Heilbrigðisráðuneytinu v. erindis SFV - Kostnaður vegna COVID-19 & Úrræði í stað COVID deildar

Til : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Frá : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Heiti : Jákvætt svar frá Heilbrigðisráðuneytinu v. erindis SFV - Kostnaður vegna COVID-19 & Úrræði í stað COVID deildar
Málsnúmer : 2102015
Málsaðili : Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
Skráð dags : 01.08.2021 17:23:05
Höfundur : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>

Viðhengi Erindi til SÍ og HRN - Covid.pdf [Erindi til SÍ og HRN - Covid.pdf](#)

Sæl öll

Til upplýsingar fyrir ykkur aðildarfélagi í SFV, þá áframsendi ég hér á ykkur staðfestingu frá Heilbrigðisráðuneytinu um að:

- Ráðuneytið staðfestir að tilfallandi kostnaður hjúkrunarheimila vegna faraldursins verður bættur, með sama hætti og áður.
- Ráðuneytið mun fela Sjúkratryggingum Íslands að gera samkomulag um rekstur rýma til að sinna Covid smituðum íbúum hjúkrunarheimila.

Þar féllst ráðuneytið á bæði þau atriði sem við óskuðum eftir, í meðfylgjandi erindi, nú í vikunni. Erindinu fylgdum við svo eftir með fundi með heilbrigðisráðuneytinu og Sjúkratryggingum.

Við höfum þakkað ráðuneytinu og SÍ fyrir skjót og góð viðbrögð við erindi okkar.

Við munum svo útfæra nánar hvernig þessar greiðslur munu koma til, í samráðsnefnd SFV, Sjúkratrygginga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. En með þessu er strax komin víska um að kostnaðurinn verður bættur.

Í samráðsnefndinni verður væntanlega einnig unnið útfærslu seinna málsins, rekstur rýma til að sinna Covid smituðum íbúum hjúkrunarheimila.

Með góðri kveðju,

Sigurjón Norberg Kjærnested,

framkvæmdastjóri - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

sigurjon@samtok.is / 783 8114

From: Guðlín Steinsdóttir <gudlin.steinsdottir@hrn.is>

Sent: Friday, July 30, 2021 1:28 PM

To: Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>

Cc: Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir - SJTR <ingibjorg.thorsteinsdottir@sjukra.is>;
maria.hardardottir@hrafnista.is; gisli@grund.is; Ásta Valdimarsdóttir <asta.valdimarsdottir@hrn.is>

Subject: RE: Kostnaður vegna COVID-19 & Úrræði í stað COVID deildar - Erindi frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags. 28. júlí sl. og til fundar með samtökunum fyrr í dag.

Ráðuneytið staðfestir að tilfallandi kostnaður hjúkrunarheimila vegna faraldursins verður bættur, með sama hætti og áður.

Ráðuneytið mun fela Sjúkratryggingum Íslands að gera samkomulag um rekstur rýma til að sinna Covid smituðum íbúum hjúkrunarheimila.

Ráðuneytið ítrekar mikilvægi þess, nú sem endranær, að hjúkrunarheimili sendi ekki sjúklinga á bráðamóttöku Landspítala nema sannarleg þörf sé á því. Eins og forsvarsmönnum hjúkrunarheimila er kunnugt um mun Verslunarmannahelgin hafa í för með sér aukið álag á Landspítala ásamt því ástandi sem er að skapast vegna 4. bylgju faraldursins.

Fyrir hönd ráðherra,

Guðlín.

Guðlín Steinsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra / Deputy Director General
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing